



Orkustofnun gjörir kunnugt:

að samkvæmt 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003, er hér með

Orka náttúrunnar ohf.

veitt leyfi til að stunda raforkuviðskipti

Leyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókninni

Orkustofnun, 21. janúar 2021

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðni A. Jóhannesson', written over a horizontal line.

Guðni A. Jóhannesson

Leyfisnúmer/málsnúmer: OS-2021-L003-01/OS2020120052

Orka Náttúrunnar ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2021
Tilvísun: OS2020120052/10.5
Verknúmer: 435 3040

Efni: Fylgibréf - Leyfi til að stunda raforkuviðskipti skv. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003

Vísað er til umsóknar Orku náttúrunnar ohf. (kt. 471119-0830) frá 21. desember sl. um leyfi til að stunda raforkuviðskipti skv. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Í 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 kemur fram að leyfi Orkustofnunar þurfi til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi handa leyfishafa og verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Þá kemur fram í ákvæðinu að umsækjandi skuli sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Í 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga eru skilyrði leyfis útfærð nánar en þar kemur fram að sölufyrirtæki skuli hafa eigið fé sem nemur að lágmarki kr. 15.000.000. Að auki kemur fram að sölufyrirtæki skuli gera áætlun til 36 mánaða í senn um umfang orkusölu og hvernig það muni útvega raforku til þess að standa við orkusölusamninga.

Í fylgigögnum með umsókn Orku náttúrunnar ohf. hefur verið sýnt fram á að fyrirtækið uppfyllir öll skilyrði 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga. Með vísan til framangreinds er Orku náttúrunnar ohf. hér með veitt leyfi til þess að stunda raforkuviðskipti með vísan til 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Fyrir útgáfu leyfis ber Orku náttúrunnar ohf. að greiða 50.000 krónur sbr. 3. tölul. 1. mgr. 33. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og hefur það verið gert.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Sigurður H Magnússon
verkefnastjóri


Hanna Björg Konráðsdóttir
lögfræðingur